

Dalagisting ehf.

Aðalfundur 2025

Aðalfundur Dalagistingar ehf. haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal fimmtudaginn 3. júlí 2025 kl. 11:00.

Á fundinn voru boðaðir fulltrúar hluthafa.

Hluthafar eru Dalabyggð (72,69%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,75%), Flugleiðahótel ehf. (7,57%), Búnaðarfélag Miðdala (6,64%), Búnaðarfélag Laxárdals (3,32%), og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt eru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar), Guðmundur Gunnarsson (fulltrúi Búnaðarfélaganna), Þuríður Jóney Sigurðardóttir (fulltrúi Dalabyggðar), Garðar Freyr Vilhjálmsson (fulltrúi Dalabyggðar) og Guðlaug Kristinsdóttir (fulltrúi Dalabyggðar).

Einnig sat sveitarstjóri Dalabyggðar fundinn og ritaði fundargerð.

Samkvæmt samþykktum (14.gr.) er dagskrá aðalfundar eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu ári.

Ekki var haldinn stjórnarfundir á árinu. Fasteignir félagsins voru f.o.m. 1. október 2022 í umsjá kaupleiguhafa að fasteignum að Laugum og ekki var um neina starfsemi hjá Dalagistingu ehf. að ræða á árinu 2024 frekar en árið á undan. Eignirnar hafa nú verið seldar til kaupleigutaka.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.

Stjórn félagsins samþykkti ársreikning fyrir árið 2024 fyrir ársfund og er hann hér til afgreiðslu undirritaður af stjórn og skoðunarmönnum.

Rekstrartekjur námu 3,1 millj.kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 0,3 millj.kr. á milli ára.

Rekstrargjöld félagsins námu 5,0 millj.kr. á árinu og fjármagnsgjöld námu 0,9 millj.kr. og er því tap á rekstri félagsins upp á 2,7 millj.kr.

Skuldir og eigið fé var samtals kr. 47.261.708,-, var 52.295.441,- árið 2023.

Ársreikningur staðfestur með fyrirvara um leiðréttingu á einni tölu skv. umræðum á fundinum, talan verður staðfest í gegnum tölvupóstsamskipti að fengnu álit endurskoðanda.

3. Kjör stjórnar og endurskoðenda.

Samþykkt tillaga um að í stjórn félagsins verði:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðmundur Gunnarsson

Guðlaug Kristinsdóttir

Garðar Freyr Vilhjálmsson

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Hlutverkaskipan stjórnar verði óbreytt frá fyrra ári, Eyjólfur verði formaður stjórnar.

Í varastjórn:

Fyrsti varamaður verði Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og Sigursteinn Hjartarson annar varamaður.

Varðandi endurskoðendur þá var samþykkt, líkt og sl. ár, að kjósa ekki endurskoðendur fyrir félagið en í stað þess að kjósa skoðunarmenn reikninga, tvo aðalmenn og tvo til vara.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Skúli Hreinn Guðbjartsson og Einar Jón Geirsson, til vara Jóhanna María Sigmundsdóttir og Jón Egill Jónsson.

Samþykkt.

4. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Tillaga um að ekki verði greiddur út arður.

Tillagan samþykkt.

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000,- fyrir hvern setinn fund í fjárfundi og kr. 15.000,- fyrir staðfund. Framkvæmdastjóri þiggi ekki laun skv. tillögu hans sjálfs.

Samþykkt.

6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Engin önnur mál.

Rætt um fyrirkomulag við slit á félaginu. Samþykkt að leita til KPMG varðandi umsjón með slitum á félaginu og leitast verði við að það verði innan ársins 2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:22

Fundargerð ritaði Björn Bjarki Þorsteinsson


Eyjólfur Ingvi Bjarnason


Garðar Freyr Vilhjálmsson


Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson



Guðlaug Kristinsdóttir

